

# Bragi Ásgeirsson skrifar um myndlist

## Surrealistisk viðhorf

Sverrir Haraldsson,  
Kjarvalsstöðum.  
Alfreð Flóki,  
Bogasal.

Þeir, sem áhuga hafa á myndlist, hafa sannarlega nóg að skoða í höfuðborginni um þessar mundir, því að sjaldan hafa jafnmargar álitlegar listsýningar verið uppi í senn, og það, sem sérstaka eftirtekt vekur, er, hve þær hljóta allar góðar undirtektir, hvað aðsókn og sölu snertir. Færir það okkur heim sanninn um furðu viðtækan myndlistaráhuga Íslendinga, því að hér er um að ræða mjög ólíka myndlistarmenn. A.m.k. nokkrir þessara myndlistarmanna hefðu í hæsta lagi átt vísar þokkalegar undirtektir fyrir örfáum árum, svo að manni verður að spyrja: hvað er að ske? Hefur áhugi höfuðborgarbúa á myndlist aukist svo mjög, eða koma þessir listamenn með sýningar snar á heppilegum tíma? Við er nú bjart yfir, bjartsýni meðal fólks, auk þess sem haustið hefur verið einstaklega heiðrækt og litfagurt. Hefðu undirtektirnar orðið hinar sömu á dimmu, hretsömu og köldu haust? Maður þörir vart að vona, að þetta sé varanleg vakning, þótt ýmislegt geti bent til, að svo sé, því að þótt slíkar bylgjur hafi fyrr gengið yfir, hefur engin þeirra risið jafnhátt. Það hafa einnig komið dimm haust með slæðum áhuga og takmarkaðri sölu, þótt veðurfar sé engan veginn einhlítur mælikvarði. Þá hefur það einnig gerst, að í fyrsta skipti er einn okkar eldri brautryðjenda metinn nokkurn veginn til verðgildis í heimalandi sínu, því að landar hans hafa verið furðulengi að átta sig á þessari hlíð mála, en hafa t.d. stórum meiri skilning á verðgildi frímerkja.

Allir þeir, sem hér eru til umræðu (Sverrir, Flóki, Tryggvi, Hringur, Ásmundur), styðjast að nokkru við náttúru- og mannleg fyrirbæri í myndgerð sinni, og ég minnst inngangs að grein, er ég reit fyrir Samvinnuna haustið 1967 um Íslenska myndlist, vandamál og viðhorf, sem þó einhverra hluta vegna féll út: „Hið fræga vígorð: „Fígúran er dauð“, sem hérlendir og erlendir vitnuðu óspart til fyrir einum áratug eða svo, er löngu orðið úrelt, þó svo að það hafi haft tilgang, meðan það var og hét. Einnig umhverfi mannsins og landslagið hefur verið tekið til endurskoðunar í heiminum en í breyttri mynd. Sú endurnýjun á eftir að ná til Íslands og mun verða fagnað af flestum, svo langt sem hefur tekið að draga þá listgrein niður.

Ef hægt er að mæla umbrotatímabili Íslenskrar framúrsteffnulistar í áratugum, þá eru þau þrjú: 1940—'50, 1950—'60, 1960—'70. Ég trúir, að fjórði áratugurinn, þ.e.a.s. 1970—'80, verði einn sá umbrotamesti, og að þá muni Íslensk myndlist e.t.v. ná hámarki sínu á þessari öld.“

Ég var þarna ekki að fagna því, að listamenn sneru baki við óhlutbundinni list né afturkomu eldri gilda, — heldur nýju grundvallargildismati á myndlist almennt, þótu sem ég taldi mig sjá fyrir, að myndi feykja burt niðröngum fordómum og verða til að leysa úr læðingi niðurbælda krafta, víkka sjónhring myndlistarinnar til allra átta. Enda hefur einnig farið svo, að geometrían hefur haldið áfram að þróast, verið tekin til endurmat, fengið á sig mannlegra yfirbragð og hið

sama má segja um abstraktsjónina og fleiri tegundir óhlutbundinnar listar. Það er nefnilega neistinn í sköpunarverkinu, sem gildir, en ekki tímanlegt gildismat okkar manna, það hefur, sem alltaf áður, síðasta orðið. Ungir sem aldrei geta nú sem sagt lagt út á hvaða svið myndlistar sem er án þess að eiga í hættu að vera úthrópaðir gamaldags eða sérvitir sérhyggjumenn. Fjölmíðlar eru einnig orðnir frjálslýndari, hafa að nokkru og ósjálf-rátt meðtekið þessa þróun, —

þeir eru einnig ábyrgir, hvað það snertir, að opna þessari þróun farveg til hins almenna listnjótanda. Við erum lönd eru fræðsluþættir um sjónlistir orðnir að vinsælu efni í sjónvarpi, hvort sem í hlut á umræða um forn gildi, ævaforn menningarskeið eða vettvang dagsins í dag. Jafnvel hef ég fregnir af stóru flugfélagi, sem lét flugfreyjurnar kynna farþegum sínum nútíma listaverk.

Vonandi hefur hið niðröngla gildi einstefnunnar kvatt fyrir fullt og allt.

### Yfirlitssýning Sverris á Kjarvalsstöðum

Sverrir Haraldsson er einn bráðgerasti einstaklingur, sem fram hefur komið í Íslenskri myndlist. Hann gerði þegar á unga aldri ágæt verk án nokkurrar aðfenginnar skólamenntunar, og tæknileg leikni hans tók stórstígm framförum á skólaárum hans í Handiða og myndlistarskólunum (nú Myndlista- og handiðaskóli Íslands). Það var mikil samkeppni og stórhugur innan veggja þess skóla í þann tíma, og þeir árgangar áttu eftir að marka drjúg spor í Íslenska myndlistarsögu.

Yfirlitssýning sú, sem vinir Sverris hafa sett upp í hinu nýja myndlistarhúsi á Miklatúni, er fyrir margt merkilegt fyrirbæri. Í það fyrsta er þetta viðamesta og sennilega yfirgripsmesta yfirlitssýning á verkum Íslenskrar myndlistarmanns, sem nokkurn tímann hefur verið sett upp að Kjarvals-sýningunni í vor undanskilinni, en sú sýning stent þó engan samanburð sem þróunarsýning, enda erfiðara að nálgast verk hins

látna meistara. — Þá hefur enginn annar núlífandi listamaður verið heiðraður með slíkri sýningu né veglegri sýningarskrá til þessa. Þá ber að geta, að listamaðurinn er enn á bezta þroskaskiði myndlistarmanns eða aðeins 43 ára að aldri. Undirbúningur að sýningunni mun og hafa verið lengri og markvissari en áður hefur þekkt.

Fjölmíðlar hafa tekið þessum manni svo vel, að ekki mun dæmi til áður, nema ef vera skyldi Kjarval á allra síðustu árum hans, enda koma myndir listamannsins vel út á síðum blaða og gefa þeim að auki tækifæri til að reyna nýja tækni. Þá er málarinn sjálfur vel máli farinn, og ummæli hans vekja sterka athygli meðal fólks, enda þar meir um að ræða gamanmál og ófugmæli um list og listamenn en alvarlega rökraðu. Hér er því á ferð einn af lukkunnar þáttum á sviði Íslenskrar myndlistar, dekurbarinn, sem hefur jafnan átt vísan gildari stuðning og almennari aðdáun öðrum starfsbræðrum sínum, og vafalítið fyrir það öfundaður á laun.

Í Kjarvalsall getur að líta hinn eiginlega þróunarferil listamannsins til hinnar sérstöku myndgerðar hans hin síðari ár er hófst árið 1965. Elztu myndirnar á sýningunni gerði hann tólf ára að



Alfreð Flóki: „Sendiboði prinsessunnar“, pennateikning 1973.

aldri og þótt þær segi ekki mikið, þá dylst engum listrænn strengur höfundar. Tveimur árum síðar hefur hann þroskatzt allmjög, um það eru myndirnar „Stokkseyri“ (9) og kyrralífsmýndirnar nr 13 og 22 til vitnis, en tæknin, sem þar kemur fram, er merkilegur hlutur frá hendi jafnunar manns. Af eftirtektarverðum myndum, sem hann gerir í Vestmannaeyjum, áður en hann flytzt til Reykjavíkur 1946, má einnig nefna „Hrislur“ (27), gerða 1945.

Námsárin í Handiðaskólanum 1946—'49 reynast hinum unga manni mjög frjó, hann sökkvir sér niður í hvers konar tæknilegar tilraunir, líkt og listaskólanemur er tamt, og nýtur þar leiðsagnar frjálslýndra og fordómalausra kennara, sem var honum mikil gæfa. Að sjálfsgöðu munu flestar þessara mynda hafa verið unnar sjálfstætt í heimahúsum, sem auðséð er, en einhverjar þeirra kunna að hafa verið gerðar innan veggja skólans, sem þó er sízt ljóður á.

Eitt athyglisverðasta tímabil Sverris byrjar 1947, sem við sjáum í mynd nr. 45 og endar 1952—3, er efinn fór að gera vart við sig eftir margra ára staðfestu,

en það var í þá tíð, er geometrían haslar sér völl. Sverrir dvelur í París og málar lítið sem ekkert, en þegar heim kemur, er myndstíll hans breyttur, flatamálverkið orðið allsráðandi.


Á fyrrnefndu tímabili finnur maður þó stað greinilegra geometrískra tilhneiginga, áhugi hans á flötum og margslunginni byggingu, þar sem nákvæmni er orðin að algerrri ástíðu. Vinnubrögðin minna á hinn fingerðasta ísaum og liturinn er dýpri og fyllri og áferðin mettaðri en á nokkru öðru skeiði listar hans. Nefni ég máli mínu til stuðnings myndir nr. 64, 80, 87, 89 og 92, allt fin og mögnuð verk.

Geometríunnar, sem Sverrir áhylltist á árunum 1954—'61, sér lítills stað á sýningunni; henni hefur verið afmarkaður bás, er Sverrir nefnir „skammmarkrókinn“, sem gefur sýningunni sirkuskenndan blæ, því að myndirnar sýna, að hann hefur komist stórum betur frá þessu tímabili en margir hinna svonefndu þjáningarbræðra hans og í þessum myndum kennir maður sama grunnþóns og nákvæmnissvinnubragða og á fyrri tímabili. Þar eru til dæmis mynd nr. 95, sem og þrennan 111, 112 og 113, sem að vísu eru á öðrum stað og því sennilega þóknalegri listamanninum, og hér kemur fram hin sama efniskenn og í myndum fyrrnefnds tímabils.

Árið 1962 hefst nýr kafli á ferli listamannsins, sem kennt hefur verið við sprautuna og mun hafa staðið í tvö ár. Í sprautunni kennir maður eins konar optísk tæknibrögð, leiftrandi kristölluð ljósbrot, líkt og maður hafði áður séð stað í vönduðum erlendum myndablöðum, þar sem skyggnt er í undraheim litanna með vísindalegum tæknibrögðum, — og myndirnar gefa manni jafnmikið, þegar fyrstu áhrifin eru fjöruð út, en ekki heldur meir. Mynd nr. 117 fer þó sennilega fram úr þessari greiningu.

Í eitt ár fönðrar Sverrir í skúlpúr og nefnir árangurinn „tálgaðar spýtur“. Þær bera völundinum vitni, eru nostursamelega unnar og yfirmáta fingerðar, en einhvern veginn fóru þessar myndir að mestu fram hjá mér á sýningunni, njóta sín sennilega ekki innan um allan þennan fjölda litskærra málverka.

Uppúr þessu hefst tímabil landslagsins, sem hann hefur bundið síðan og ósjaldan mjög í surrealistiskum anda. Sverrir hefur sjálfur sagt að hann reyni í þessum myndum sínum að vera listamaður, sem hann skilgreinir að sé að vera blekkingameistari, tóframaður. Ennfremur segir hann: „Það hlýtur að gleðja listamanninn að ná til annars fólks, og það er mikil eigingirni að gera fegurð bara fyrir sjálfan sig.“



Sverrir Haraldsson: Landslag 1967—1968; olfa.